

#### 4. Rafhleðslur í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs, tillaga

Mál nr. US190324

Lögð er fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 9. október 2019 að um hleðslustöðvar fyrir rafbíla verði sett upp í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs.

*Samþykkt.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins bóka: Fulltrúar Sjálfstæðisflokkssins í umhverfis- og heilbrigðisráði fagna fjölgun rafhleðslustöðva í bílastæðahúsum Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar, en vilja um leið benda á mikilvægi þess að rafhleðslur verði einnig í boði í P-merktum stæðum húsanna.*

*Fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs, fulltrúar Samfylkingarinnar og fulltrúi Pírata bóka: Fulltrúar meirihlutans fagna tillögum um fjölgun rafhleðslustöðva í bílastæðahúsum borgarinnar. Markmið um fjölgun hleðslustöðvanna til 2025 eru metnaðarfull og mikilvæg þegar kemur að því að styðja við orkuskipti í samgöngum. Fjölgun hleðslustöðva er eitt af fjölmögum skrefum sem borgin tekur í átt að kolefnislausri borg árið 2040.*

*Friðrik Klingbeil Gunnarsson ráðgjafaverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*